



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2005
Tilvísun: UST20050600177/bs

Djúpadalsvirkjun 3. Beiðni um umsögn um matsskyldu


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða 3,5, MW virkjun sem nýta mun fallhæð úr lóni sem myndast þegar byggð hefur verið stífla í norðanverðum Hvassafellsdal. Lónið verður um 0,4 kílómetrar að flatarmáli, stíflan verður um 190 metra löng og um 20 metrar á hæð. Efni í stífluna um 40.000 m³ verður tekið úr lónstæðinu. Leggja þarf um fjögurra kílómetra langa slóð frá Kamfelli að stíflustæði. Grafa þarf niður fallpípu alls um 3,2 kílómetra.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir náttúrufari á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þannig að ljóst sé á hvaða forsendum framkvæmdaraðili byggi þá skoðun að framkvæmdin muni hafa lítil umhverfisáhrif í för með sér.

Sú virkjun sem hér um ræðir er þriðja virkjunin sem reist er á þessu svæði. Eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaáðila er mögulegt að ráðist verði í enn frekari virkjanir við Djúpadalsá. Umhverfisstofnun telur að gera ætti grein fyrir sammögnunaráhrifum virkjana á þessu svæði.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson